



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um að skoða innleiðingu á Kveikjum Neistann í grunnskóla Reykjavíkur

Flokkur fólksins leggur til að skóla- og frístundasvið horfi af alvöru á verkefnið Kveikjum neistann með það að markmiði að innleiða það. Þetta verkefni er að sýna góðan árangur þó ungt sé. Kjarninn er sá í *Kveikjum neistann* að lagt er upp með í 1. bekk að leggja áherslu á bókstafi og hljóð. Kennt er eftir hljóðaaðferðinni. Inn á milli að staldrað við til að fullvissa um að helst allir nemendur eru búnir að ná öllum bókstöfum og hljóðum. Í upphafi vetrar er lögð fyrir bókstafa- og hljóðakönnun til að sjá hvaða bókstafi og hljóð nemendur kunna við upphaf skólagöngu. Aftur er gerð könnun í janúar og loks í maí á fyrsta skólaárinu. Árangur er teiknaður upp með myndrænum hætti þar sem litir eru notaðir til að merkja þá bókstafi og hljóð sem börnin þekkja. Mörg börn eru farin að lesa orð á þessum tíma og stuttar setningar. Það eru mörg stolt börnin sem fara út í sumarið eftir að hafa stundað nám með árangri sem þessum. Miðja máls og læsis er að gera frábæra hluti en þarna er verkefni sem vert er að horfa til því það er alltaf hægt að gera betur.

Greinargerð

Huga þarf sérstaklega að þeim börnum sem ekki geta nýtt sér hefðbundnar kennsluaðferðir. Þau börn þurfa strax í byrjun að fá sérstaka aðstoð hjá sérkennara og þau þurfa lengri tíma og meira næði en gengur og gerist í almennum bekk. Gera má ráð fyrir að það séu um það bil 2-4% barna sem glíma við lesvanda af lífeðlisfræðilegum orsökum sem t.d. tengjast sjónskyni.

Sum rugla sem bókstöfum og þurfa sem dæmi að fá stærra letur og læra bókstafi með hljóði. Hljóð getur brotið lestrarkóðann.

Krakkar sem eru í lestrarvanda hafa lengri sögu, þau sýna vandann t.d. í Hljóm sem lagt er fyrir 5 ára nemendur sem hefur forspárgildi fyrir lestrarnám. Þannig að þegar þessir krakkar koma í skólann á haustin þá er oft vitað hvað er undirliggjandi sérstaklega ef heilsugæsla og skólinn hafa einnig verið í góðu samstarfi og skólinn fengið niðurstöður úr fjögurra ára skoðun barnanna.